

UPPLÝSINGAR UM ALMENNT NÁMSKEIÐ TIL LÖGGILDINGAR VIGTARMANNS

Páttökugjald: 100.500 kr.

(Námskeiðsgjald 88.500 kr. og löggildingargjald 12.000 kr. sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991)

Greiða skal reikning sem stofnaður er í netbanka

Það er algert skilyrði að skila inn **sakavottorði** og **búsforræðisvottorði** áður en hægt er að gefa út skírteini

Námskeiðið er haldið í húsnæði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar (HMS), Borgartúni 21. Sjá nánari leiðbeiningar hér að neðan. Mögulegt er að tengja námskeiðið með fjarfundarbúnaði við fræðslusetur víða um land að uppfylltum skilyrðum.

Takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið.

Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu, endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu

Svo löggilda megi vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006: **a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.**

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búsforræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. Búsforræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum (**hægt að sækja um bæði vottorðin á netinu**). Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggi fyrir.

Sérreglur um íslenskukunnáttu

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu bæði varðandi skilning og skrift þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og einnig eru spurningar á prófi á íslensku og einnig þarf að svar spurningum í prófi á íslensku.

Um námskeiðshald

1. Námskeiðið er í 3 daga.
2. Námskeiðsgjald kr. 100.500.- er greitt í heimabanka viðkomandi.
3. Námskeiðið verður haldið í húsnæði HMS (2.h) Borgartúni 21 og hefst kl. 9:30. Sjá nánari meðfylgjandi stundarskrá.
4. Húsið er opnað að neðanverðu kl. 7:30 (dyrnar að ofanverðu kl. 8:00).
5. Þegar inn er komið er hægt að fylgja leiðbeiningum að námskeiðsstofu.
6. **Bílastæði fyrir framan hús eru gjaldskyld!!!!**
7. Til að hjálpa mönnum að finna Borgartún 21, má geta þess að í því sama húsi er Ríkissáttasemjari, Menntasjóður og Þjóðskrá, svo eitthvað sé nefnt.
8. Nemendur þurfa ekki að hafa neitt með sér, samt er mælt með að þátttakendur taki með sér eigin skriffæri.
9. Æskilegt er að þátttakendur komi með reiknivél,
10. Mögulegt er að kaupa hádegismat í mötuneyti á staðnum (5.h.) eða á nálægum veitingastöðum.

Stundarskrá	
Mánudagur.....	9:30 - 17:00
Þriðjudagur.....	8:00 - 17:00
Miðvikudagur.....	8:00 - 12:00 ¹⁾
1) Í síðasta lagi	